


Hringrás vatnsins

Skrifaðu litla sögu um hringrás vatnsdropa. Hvaða hættur leynast á þessari löngu ferð hans og hvernig kemst hann aftur heim til sín?



Vatn og velferð

Geimálfurinn fann nokkur þjónustumerki sem tengjast ári, höfum og vötnum. Tengdu rétt saman, veldu svo þrjú merki og semdu forvarnasögu þar sem þau koma fyrir.





Sjóskíði



Hvalaskoðun

Veiðileyfi



Bátar til leigu

Vatnaþotur
til leigu



Gúmmíbátaferðir



Öryggi í höfnum

Skoðaðu ástand öryggis- og björgunarbúnaðar í höfninni í þínu bæjarfélagi. Ef margt þarfnast lagfæringar er rétt að vekja athygli á því. Mundu bara að vera í björgunarvesti!



	Já	Nei
★ Er bjölluskápur?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
★ Er skápurinn aðgengilegur fyrir alla?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
★ Eru bryggjustigar málaðir með rauðgulri endurskinsmálningu?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
★ Er ljós í efsta þrepi stigans eins og á að vera?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
★ Eru bjarghringir á hafnarsvæðinu?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
★ Eru björgunarkrókstjakar á hafnarsvæðinu?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
★ Eru björgunarnet á hafnarsvæðinu?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



Könnunin var framkvæmd af: _____ Dags: _____

Baðreglur fyrir byrjendur

Geimálfurinn er byrjaður á baðreglum til að taka með sér til Varslyss. Hjálpaðu honum að klára þær.



1. Gott er að hafa vatn í karinu þegar baðast er.

2. Leggðu ekki í langsund án góðrar grunnþjálfunar.

3. Forðastu dyfingar úr mikilli hæð.

4. _____

5. _____

6. _____

7. _____

8. _____

9. _____

10. _____

Geimálfurinn í sundi

Það sést vel á myndum sundlaugarvarðarins að geimálfurinn kann ekkert að umgangast vatnsrennibrautir. Hvað gerir hann rangt á þessum myndum?













Vatn og umhverfi

Í umhverfi okkar eru ýmsar hættur sem tengjast vatni. Hjálpaðu geimálfinum að klára flæðiritið um hætturnar sem fylgja ám, vötnum, hverum og almennri notkun vatns.



Ár & vötn	
Hverir	
Bryggjur	
Heimili	
Heitir pottar	
Sundlaugar	